

króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlausn skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 183/1980. **Erla Guðmundsdóttir**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

**Hallgrími B. Geirssyni**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Víxilmál. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980. Krefst hún sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sigurður Jónsson hefur ekki áfrýjað héraðsdómi.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 11. mars 1980. Greinargerð kom fram af hálfu áfrýjanda 25. mars s. á., og segir þar m. a. um víxla, sem stefndi krefst, að áfrýjandi greiði: „... þeir urðu ekki útgefnir, svo sem afsögn á þeim ber með sér, og ber því að sýkna... af öllum kröfum“. Þegar málið var munnlega flutt á bæjarþinginu 2. júní 1980, var bókað eftir lögmanni áfrýjanda: „Hann studdi sýknukröfu sína þeim rökum, að víxill pr. 1/12'79 hafi ekki verið

formlega gildur við afsögn og víxill pr. 1/2'80 hafi upphaflega verið dags. '79, en síðan breytt án heimildar og hafi því ekki víxilgildi, þar sem gjalddagi sé raunverulega á undan útgáfudegi.“

Framangreind orð lögmanns áfrýjanda í greinargerð fyrir héraðsdómi eru ekki skýr, en bókunin á bæjarþingi 2. júní 1980 er um atriði, sem koma má að til varnar í víxilmálum eftir 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Þegar haft er í huga, að lögmaður áfrýjanda hafði í greinargerð sinni vikið að því, sem við munnlegan flutning var borið fram sem vörn í málinu, þykir eiga að fjalla efnislega um vörnina.

Stefndi krefur áfrýjanda um greiðslu tveggja víxla. Hinn fyrri er að fjárhæð 130.000 gkr. og gjalddagi hans 1. desember 1979. Tilgreint er, að útgáfudagur sé 1. ágúst 1979 og að víxillinn hafi verið afsagður 4. desember það ár. Vixlinum fylgir afsagnargerð, þar sem segir, að viðfestur víxill hafi verið afsagður fyrrgreindan dag, en eyða er fyrir útgáfudegi. Þegar þetta er haft í huga, verður að leggja til grundvallar þá staðhæfingu áfrýjanda, að útgáfudagurinn hafi verið ritadur á eyðublaðið eftir afsögn. Samkvæmt 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 hefur skjal ekki víxilgildi nema útgáfudags sé getið. Það hafði þess vegna ekki víxilgildi 4. desember 1979. Lögleg víxilafsögn hefur af þeim sökum engin farið fram. Áfrýjandi hefur ritað sem útgefandi á víxileyðublaðið, og verður hann ekki krafinn um greiðslu víxils þessa, þar sem afsögn fór ekki fram, sbr. 53. gr. víxillaga.

Síðari víxillinn, sem stefndi krefur áfrýjanda um greiðslu á, er eins og hinn fyrri að fjárhæð 130.000 gkr. Tilgreint er, að útgáfudagur sé 1. ágúst 1979 og að afsögn hafi farið fram 4. febrúar 1979. Vixlinum fylgir afsagnargerð, þar sem segir, að viðfestur víxill hafi verið afsagður 4. febrúar 1980, en hann hafi verið gefinn út 1. ágúst 1979. Af skjalinu sjálfu er ljóst, að ártali gjalddaga hefur verið breytt í 1980, en ekki er fullljóst, hvaða ártal var upprunalega ritað. Dæma verður um skuldbindingu áfrýjanda samkvæmt skjali þessu eftir því, hvernig það nú liggur fyrir Hæstarétti, enda hafa engar frekari skýringar komið fram. Hvorki er í ljós leitt, að víxil-

skuldarar hafi staðið að breytingu þeirri á gjalddaga, sem greind var, né er fram komið samkvæmt framansögðu, að afsagt hafi verið með löglegum hætti. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um greiðslu þessa víxils.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 4.000.00 nýkr.

#### D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Erla Guðmundsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Hallgríms B. Geirssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 4.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

#### **hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Magnúsar Þ. Torfasonar**

Mál þetta var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 11. mars 1980. Greinargerð af hendi áfrýjanda kom fram á bæjarþingi 25. mars 1980. Málið var munnlega flutt og dómtekið 2. júní s. á.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi dómkröfur sínar á því, að ekki hafi verið ritaður útgáfudagur á víxlana, sem málið er risið af, þegar þeir voru afsagðir. Hafi þeir því ekki fullnægt formkröfum 7. tl. 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933. Virðist áfrýjandi telja, að þar sem víxlarnir hafi ekki víxilgildi, þegar þeir voru sýndir til greiðslu og afsagðir, sé sýningin og afsagnargerðirnar marklausar og víxilréttur glataður gagnvart henni vegna vangeymslu. Að því er annan víxilinn varðar er því enn fremur haldið fram, að gjalddaga hans hafi verið breytt heimildarlaust úr 1. febrúar 1979 í 1. febrúar 1980, eftir að afsagnargerð hafi farið fram 4. febrúar 1979. Sá víxill sé því gallaður að formi, þar sem hinn upphaflegi gjalddagi, sem hér eigi að miða við, sé

fyrri dagur en sá útgáfudagur, sem á víxilinn hafi verið ritaður.

Í greinargerð, sem lögð var fram í héraðsdómi af hæstaréttarlögmanni þeim, sem þá fór með málið fyrir áfrýjanda, var sú málsvörn ein höfð uppi, að sagt var um fjóra víxla, sem talið er í greininni, að málið taki til, að „þeir urðu ekki útgefnir, svo sem afsögn á þeim ber með sér, og ber því að sýkna umbj. m. af öllum kröfum.“ Það verður ekki talið fullvíst, að hér geti verið átt við víxla þá, sem þetta mál er af risið, þar sem þeir eru aðeins tveir að tölu og báðir út gefnir. Verður því þegar af þeirri ástæðu að miða við það, að málsástæður þær, sem áfrýjandi færir fram fyrir Hæstarétti sýknukröfu sinni til framdráttar, hafi ekki komið fram fyrr en við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi.

Víxill sá, sem áfrýjandi heldur fram, að hafi verið heimildarlaust breytt, ber þess ljós merki, að áritun um gjalddaga 1. febrúar 1980 er breyting á upphaflega árituðum gjalddaga. Í afsagnargerð, sem fest er við víxilinn, er hann sagður afsagður vegna greiðslufalls 4. febrúar 1980 og honum meðal annars lýst þannig, að hann sé samþykktur af „Sig. J. Vesturbraut 13“. Á bakhlið víxilsins er hins vegar áritun notarii publici í Reykjavík um, að hann sé „afsagður sökum greiðslufalls 4. feb. 1979 kl. 17“, og áritun samþykkjandans á víxilinn er: „Sigurður Jónsson“. Fær hvorugt þetta samrýmst hinni framlögðu afsagnargerð. Loks er það, að á víxilinn er ritað, að hann hafi verið greiddur í Landsbanka Íslands 14. desember 1979, þ. e. löngu fyrir gjalddaga og þann afsagnardag, sem greindur er í afsagnargerðinni.

Samkvæmt framansögðu er svo stórvægilegt ósamræmi í sóknargögnum stefnda varðandi umræddan víxil, að vísa ber kröfum hans sjálfkrafa frá héraðsdómi vegna vanreifunar að því er þennan víxil varðar.

Málsástæða sú, sem áfrýjandi færir fram sýknukröfu sinni til framdráttar varðandi hinn víxilinn, var ekki skýrlega höfð uppi fyrr en við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi, svo sem fyrr var sagt. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja, að hún hafi verið of seint fram borin. Og þar sem áfrýjandi hefur ekki haft uppi aðrar

varnir fyrir Hæstarétti varðandi víxil þennan, teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm að því er hann varðar að öðru leyti en því, að krafa um bankakostnað verður ekki tekin til greina.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda 1.300.00 nýkr. með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. desember 1979 til greiðsludags og 21.00 nýkr. í afsagnarkostnað.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1980.**

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní sl., hefur Hallgrímur B. Geirsson héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. febrúar 1980, gegn Sigurði Jónssyni, Laugarnesvegi 42, Reykjavík, og Erlu Guðmundsdóttur, Hólabraut 12, Keflavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 260.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 130.000 frá 1. desember 1979 til 1. febrúar 1980, en af kr. 260.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.760 í bankakostnað, kr. 2.100 í afsagnarkostnað, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu Erlu var skilað greinargerð þann 25. mars sl. og gerð krafa um sýknu af kröfum stefnanda og málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Sigurðar hefur ekki verið sótt þing.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

#### II.

Skuldina kveður stefnandi vera skv. tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 130.000, báðum útgefnum í Reykjavík 1. ágúst 1979 af stefndu Erlu og framseldum eyðuframsali af sömu, en samþykktum af stefnda Sigurði til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með gjalddaga 1. desember og 1. febrúar 1980 (sic í stefnu, en fyrri víxillinn er með gjalddaga 1. desember 1979). Víxlarnir hafi verið afsagðir vegna greiðslufalls 4. desember og 4. febrúar 1980 (sic í stefnu, en fyrri víxillinn er afsagður 4. desember 1979, sbr. viðfesta afsagnarnótu).

## III.

Stefnandi byggir kröfu sína á framlögðum víxlum. Málið sé rekið sem víxilmál og fái aðrar varnir en víxilvarnir ekki komist að í máli þessu. Varnarástæður stefndu Erlu, sem fyrst komu fram við munnlegan málflutning, þ. e. að víxill pr. 1. desember 1979 hafi ekki verið formlega gildur við afsögn og að gjalddaga víxils pr. 1. febrúar 1980 hafi verið breytt úr 1. febrúar 1979 og víxillinn sé þannig ekki gildur víxill, séu of seint fram komnar og fái ekki komist að í málinu auk þess sem þessar staðhæfingar séu rangar og ósannaðar.

Í greinargerð sinni styður stefnda Erla sýknukröfu sína þeim rökum, að hér sé um mál út af 4 víxlum (sic í stefnu) að ræða fyrir húsnæði, sem skjólstæðingur stefnanda, Björgvin Eiríksson, hafi lofað að leigja, en hafi nánast ekki orðið að veruleika vegna vanefnda leigusalans. Húsaleigan skyldi greidd með víxlum, en þeir hafi ekki verið út gefnir (sic í stefnu), svo sem afsögn þeirra beri með sér, og beri því að sýkna stefndu Erlu af öllum kröfum.

Við munnlegan málflutning var sýknukrafa stefndu Erlu studd þeim rökum, að víxill pr. 1. desember 1979 hafi ekki verið formlega gildur við afsögn, þar sem ekki hafi verið skráður á hann útgáfudagur. Skjalið verði að vera orðið víxill við afsögn, sbr. 38. gr. víxillaga. Dómur hafi gengið um þetta efni á bæjarþingi Hafnarfjarðar.

Víxill með gjalddaga 1. febrúar 1980 hafi upphaflega verið skráður með gjalddaga 1. febrúar 1979, en síðan hafi því verið breytt án heimildar og hafi skjalið því ekki víxilgildi, þar sem gjalddagi sé raunverulega á undan útgáfudegi.

Varnir þessar séu ekki of seint fram komnar og séu í raun ex officio málsástæður vegna hinna ströngu skilyrða víxillaga. Stefnda Erla hafi í upphafi haft annan lögmann í málinu og sé núverandi umboðsmaður hennar kominn seint inn í málið og hafi því ekki haft tök á því að koma með þessar málsástæður fyrr. Í raun hafi stefnandi samþykkt þessar málsástæður, þar sem fyrri ræða hans hafi m. a. byggst á þessum nýju varnarástæðum stefndu Erlu.

## IV.

Stefnandi hefur lagt fram tvo víxla, sem eru formlega réttir og í samræmi við málavaxtalýsingu hans, enda þykir mega líta svo á varðandi lýsingu á gjalddaga og afsögn fyrra víxilsins, að átt sé við desember 1979.

Gegn andmælum stefnanda verður þeirri málsástæðu stefndu Erlu ekki komið að í máli þessu, að víxlarnir hafi ekki verið formlega réttir, enda mátti koma þeim málsástæðum að þegar í upphafi málsins, en var fyrst haldið fram við munnlegan málflutning, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, i. f.

Enn fremur verður þeim vörnum, sem varða viðskiptin að baki víxlanna, ekki komið að í máli þessu gegn andmælum stefnanda, þar sem málið er rekið sem víxilmál.

Samkvæmt framansögðu ber því að taka kröfur stefnanda á hendur stefndu Erlu til greina að öllu leyti.

Eins og áður greinir, var ekki sótt þing af hálfu stefnda Sigurðar, og er honum þó löglega birt stefna. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið gagnvart honum skv. framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessum stefnda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 188.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

#### Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson og Erla Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, kr. 260.000 með  $4\frac{1}{2}\%$  dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 130.000 frá 1. desember 1979 til 1. febrúar 1980, en af kr. 260.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.760 í bankakostnað, kr. 2.100 í afsagnarkostnað og kr. 188.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---